

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 7. nóvember 2024.

Mál nr. 653/2023:

Dagný Björk Erlingsdóttir

(Haukur Örn Birgisson lögmaður)

gegn

Ábyrgðasjóði launa

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Lykilorð

Laun. Vinnulaun. Kjarasamningur. Ráðningarsamningur. Gjaldþrotaskipti.

Útdráttur

Deilt var um hvort ábyrgð Á næði til bifreiðastyrks D á grundvelli 5. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa í kjölfar gjaldþrots fyrrum vinnuveitanda D, W hf. Í dómi Landsréttar var rakið að samkvæmt ákvæðinu tæki ábyrgð Á til vinnulauna og bóta vegna launamissis. Þá væri ljóst að greiðslur vegna útlagðs kostnaðar féllu utan ábyrgðar Á. Fram kom að greiðsla sú sem nefnd væri bifreiðastyrkur í kjarasamningi Flugfreyjufélags Íslands og W hf., hefði numið fastri fjárhæð og verið greidd fyrsta virka dag hvers mánaðar með sama hætti og önnur laun, að frádreginni staðgreiðslu. Í málinu lægi fyrir að D hefði hvorki lagt út fjármuni í tengslum við afnot af bifreið né haldið akstursdagbók í þágu W hf. Þá var rakinn framburður vitnisins O fyrir héraðsdómi en þar hefði komið fram að tilgangur umrædds bifreiðastyrks í fyrrgreindum kjarasamningi væri sá, að hækka föst laun flugliða og jafnframt að greiðslan tengdist ekki afnotum af bifreið. Með vísan til þess sem rakið var um eðli greiðslunnar þótti verða að leggja til grundvallar að hún hefði verið hluti af föstum samningsbundnum launum D hjá W hf. Var ekki fallist á með Á að með launamissi í skilningi b-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2003 væri einungis átt við missi grunnlauna og þar með ekki missi annarra uppbóta. Yrði réttur D til bóta á uppsagnartímanum því ekki skertur sem næmi umræddri fjárhæð bifreiðastyrks. Var því fallist á kröfu D um að felldur yrði úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins nr. 17/2021 frá 22. desember 2021.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason og Kjartan Bjarni Björgvinsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 28. júní 2023. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2023 í málinu nr. E-5951/2022.

- 2 Áfrýjandi krefst þess að úrskurður félagsmálaráðuneytisins nr. 17/2021, sem kveðinn var upp 22. desember 2021, verði felldur úr gildi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
- 3 Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur um sýknu af kröfum áfrýjanda verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar en til vara að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður.

Niðurstaða

- 4 Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi og eru þau í aðalatriðum óumdeild. Fyrir liggur að bú Wow air hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 28. mars 2019. Áfrýjandi hafði starfað sem flugfreyja hjá félaginu þegar hún missti vinnuna við gjaldþrot þess. Hún lýsti launakröfu að fjárhæð 3.079.645 krónur í þrotabú félagsins á grundvelli 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og munu skiptastjórar þrotabúsins hafa samþykkt hana sem nam 2.358.290 krónum og var þar með talin krafa um bifreiðastyrk í uppsagnarfresti í apríl og maí 2019 að fjárhæð 66.441 króna fyrir hvorn mánuð.
- 5 Þegar áfrýjandi sótti um þessar greiðslur til stefnda féllst hann á kröfu áfrýjanda að hluta, eða sem nam 2.143.828 krónum, en hafnaði kröfu hennar vegna annars vegar greiðslu dagpeninga í mars 2019 að fjárhæð 81.580 krónur og hins vegar vegna bifreiðastyrks á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019, samtals að fjárhæð 132.882 krónur. Félagsmálaráðuneytið kvað síðan upp úrskurð 22. desember 2021 um að framangreind ákvörðun stefnda 20. nóvember 2020 um synjun á ábyrgð sjóðsins vegna kröfu Flugfreyjufélags Íslands fyrir hönd áfrýjanda á hendur þrotabúi Wow air hf. um greiðslu bifreiðastyrks á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019 skyldi standa.
- 6 Ágreiningur málsaðila er til kominn vegna framangreindrar ákvörðunar stefnda og hverfist um það álitaefni hvort bifreiðastyrkur á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019 teljist vera hluti launa áfrýjanda í skilningi 5. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.
- 7 Í 1. mgr. 5. gr. framangreindra laga er fjallað um kröfur í bú vinnuveitanda sem njóta ábyrgðar sjóðsins. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna tekur ábyrgð sjóðsins til kröfu launamanns um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda. Samkvæmt b-lið lagaákvæðisins skal sjóðurinn greiða bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi.
- 8 Í athugasemdum við ákvæði 1. mgr. 5. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 88/2003 kemur fram í umfjöllun um a-lið ákvæðisins að með orðinu vinnulaun í skilningi þess sé fyrst og fremst átt við samningsbundin laun eins og þau eru skilgreind í kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Undir þetta falli almenn vinnulaun og ýmsar uppbætur á laun sem tengdar eru vinnuframlagi kröfuhafa. Á hinn bóginn er tekið fram að hugtakið eigi ekki við um ýmsar kröfur sem raktar verða til ráðningarsambands launamanns og vinnuveitanda, til að mynda kröfur

um greiðslu á kostnaði, sem launamaður hefur sjálfur lagt út fyrir, enda flokkist slíkar kröfur ekki sem endurgjald vegna vinnu í þjónustu vinnuveitanda. Er þar nefnd sem dæmi krafa um greiðslu ferðareiknings vegna ferðar á vegum vinnuveitanda og krafa um greiðslu eldsneytiskostnaðar og annars sambærilegs kostnaðar. Jafnframt er í athugasemdunum gerð grein fyrir því að við framkvæmd þágildandi laga hafi ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna uppsagnar ráðningarsamnings verið miðuð við föst laun samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi og að gert sé ráð fyrir að svo verði áfram.

- 9 Í málinu liggja fyrir bæði kjarasamningur Wow air hf. við Flugfreyjufélag Íslands og ráðningarsamningur áfrýjanda. Um launakjör og önnur réttindi áfrýjanda segir það eitt í ráðningarsamningnum að þau taki mið af kjarasamningi Wow air hf. og Flugfreyjufélags Íslands. Fjórði kafli kjarasamningsins fjallar um laun en þar kemur fram í grein 4.1 að 33% vaktaálag sé innifalið í grunnlaunum og ofan á þau leggist svonefnt handbókarálag. Er þar jafnframt tiltekið að til fastra launa teljist grunnlaun ásamt handbókargjaldi. Mælt er fyrir um greiðslu launa í grein 4.12 í kjarasamningnum þar sem segir að föst laun flugliða beri að greiða eigi síðar en fyrsta virka dag mánaðar fyrir vinnu mánaðarins þar á undan en aðrar greiðslur, svo sem flugtímagreiðslur, yfirvinna, sölulaun og dagpeningar, skuli greiða eigi síðar en fimmta hvers mánaðar.
- 10 Um bifreiðastyrk er fjallað í fimmta kafla kjarasamningsins og segir þar í grein 5.3 að hann sé 66.441 króna á mánuði og að sú fjárhæð taki þeim breytingum sem verði á almennu kílómetragjaldi opinberra starfsmanna frá undirritun samningsins. Launaseðlar áfrýjanda fyrir mars til júní 2019 sýna að henni var í hverjum mánuði greiddur bifreiðastyrkur í samræmi við framangreind fyrirmæli greinar 5.3 og að styrkurinn var greiddur fyrsta hvers mánaðar ásamt mánaðarlaunum sem tilgreind eru í launaseðli. Af þeim verður einnig ráðið að haldið var eftir staðgreiðslu tekjuskatts af fjárhæð bifreiðastyrksins en samkvæmt launaseðlunum var bifreiðastyrkurinn tilgreindur sem laun.
- 11 Ákvæði 5. gr. laga nr. 88/2003 verður eftir orðalagi sínu ekki skilið með þeim hætti að ábyrgð stefnda sé takmörkuð við greiðslu bóta vegna missis grunnlauna og hefur umfjöllun um hvað teljist til grunnlauna því ekki úrslitabýðingu við úrlausn málsins. Þá verður ekki talið að ákvæði kjarasamnings geti að öllu leyti ákvarðað hvaða skilning beri að leggja í lagaákvæðið um ábyrgð stefnda. Eins og áður segir tekur ábyrgð stefnda samkvæmt því til vinnulauna og bóta vegna launamissis. Á hinn bóginn er ljóst að greiðslur vegna útlagðs kostnaðar falla utan ábyrgðar stefnda.
- 12 Við aðalmeðferð málsins í héraði gaf skýrslu sem vitni Orri Þrastarson, fyrrverandi formaður samninganefndar Flugfreyjufélags Íslands. Spurður að því hvort það væri sérstök ástæða fyrir því að ákvæði um bifreiðastyrk væru ekki í fjórða kafla kjarasamningsins, sem fjallar um laun, kvað vitnið þessa tilhögun vera í samræmi við þá kaflaskiptingu sem kæmi fram í öllum kjarasamningum sem Flugfreyjufélag

Íslands hefði gert við samningsaðila sína í áratugi. Þá kvað vitnið ástæðu þess að í grein 4.12 í kjarasamningnum væri gert ráð fyrir tveimur gjalddögum við greiðslu launa, annars vegar fyrsta virka dag hvers mánaðar og hins vegar fimmta hvers mánaðar, vera þá að flugliðar væru vaktavinnufólk sem ynni eftir flugskrá eða vaktskrá og þar sem flugin væru mislöng væru launagreiðslur ekki alltaf þær sömu. Vitnið kvað grunnlaunin og akstursstyrk teljast til fastra launa og því væru þau greidd fyrsta virka dag hvers mánaðar en aðrar greiðslur, svo sem auka flugtímagreiðslur, yfirvinna, sölulaun og dagpeningar væru greiddar fimmta hvers mánaðar.

- 13 Vitnið sagði bifreiðastyrkinn hafa verið hugsaðan sem hluta af föstum launum „við hliðina á flugtíma, [...] grunnflugtímanum“ og lýsti því að við kjarasamningsgerðina hefði verið talað um að þetta væri leið til þess að hífa upp laun flugfreyja og flugþjóna og bæta þannig föst laun þeirra. Þá neitaði vitnið því að tilvist bifreiðastyrksins tengdist því á nokkurn hátt að verið væri að endurgreiða starfsmönnum útlagðan kostnað vegna aksturs á eigin bifreið. Flugliðarnir notuðu ekki bifreiðar í eigin þágu og þá hefði Wow air hf. annast akstur þeirra milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurlflugvallar í samræmi við grein 5.2 í kjarasamningnum. Loks kom fram hjá vitninu að bifreiðastyrkurinn hefði verið greiddur í orlofi starfsmanna.
- 14 Í þessu sambandi er einnig til þess að líta að óumdeilt er í málinu að áfrýjandi lagði hvorki út fjármuni í tengslum við afnot af bifreið né hélt hún akstursdagbók í þágu Wow air hf. Að því gættu og jafnframt með vísan til alls þess sem hér að framan er rakið um eðli þeirrar greiðslu sem nefnd er bifreiðastyrkur í framangreindum kjarasamningi og nam fastri fjárhæð, sem greidd var fyrsta virka dag hvers mánaðar með sama hætti og önnur laun, að frádreginni staðgreiðslu, þykir verða að leggja til grundvallar að bifreiðastyrkurinn sé hluti af föstum samningsbundnum launum áfrýjanda hjá Wow air hf. Verður því ekki á það fallist að með launamissi í skilningi b-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2003 sé einungis átt við missi grunnlauna og þar með ekki missi annarra uppbóta, eins og stefndi heldur fram. Um þá málsástæðu stefnda að ábyrgð hans nái ekki til krafna sem ekki tengist vinnuframlagi, verður að líta til þess að greiðslur stefnda í uppsagnarfresti á grundvelli lagaákvæðisins eru ótengdar vinnuframlagi. Þá liggur fyrir í málinu að áfrýjandi fékk bifreiðastyrkinn greiddan í uppsagnarfresti í mars 2019, þrátt fyrir að hún hefði þá ekki innt af hendi vinnuframlag í þágu stefnda.
- 15 Að fenginni framangreindri niðurstöðu um að umræddur bifreiðastyrkur teljist vera hluti af föstum launum áfrýjanda sem bæta beri samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2003, verður réttur hans samkvæmt lagaákvæðinu til bóta á uppsagnartímanum því ekki skertur sem fjárhæð hans nemur. Verður því fallist á kröfu áfrýjanda um að felldur verði úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins nr. 17/2021 sem kveðinn var upp 22. desember 2021.
- 16 Mál þetta höfðar áfrýjandi á hendur stefnda í þeim tilgangi að fá felldan úr gildi fyrrgreindan úrskurð félagsmálaráðuneytisins. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 88/2003 fer

ráðherra með framkvæmd laganna og lýtur stefndi þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna er heimilt að kæra ákvarðanir stefnda sem teknar eru á grundvelli laganna til ráðuneytisins. Telja verður að í ljósi atvika máls þessa og kröfugerðar áfrýjanda hefði verið réttara að reka málið samhliða gegn íslenska ríkinu, meðal annars þegar litið er til þess að áfrýjandi heyrir sem lægra sett stjórnvald beint undir félagsmálaráðherra, sem auk þess kvað upp endanlegan úrskurð í málinu. Eigi að síður eru ekki í ljósi dómaframkvæmdar næg efni til þess að vísa kröfu áfrýjanda frá héraðsdómi af þeim sökum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 1. nóvember 2023 í máli nr. 16/2023.

- 17 Eftir úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti sem ákveðst í einu lagi eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Felldur er úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins nr. 17/2021 frá 22. desember 2021.

Stefndi, Ábyrgðasjóður launa, greiði áfrýjanda, Dagnýju Björk Erlingsdóttur, 1.400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2023

I

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 14. desember 2022, var dómtekið 17. maí 2023. Stefnandi er Dagný Björk Erlingsdóttir, [...], en stefndi er Ábyrgðasjóður launa, [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að felldur verði úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins, dags. 22. desember 2021, í máli stefnanda. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda auk greiðslu málskostnaðar, en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

II

Málsatvik eru í aðalatriðum óumdeild, en ágreiningur málsaðila lýtur að ákvörðun Ábyrgðasjóðs launa um synjun á ábyrgð sjóðsins vegna kröfu stefnanda á hendur þrotabúi Wow air hf. um greiðslu bifreiðastyrks á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019.

Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 28. mars 2019 og var þá öllum starfsmönnum félagsins sagt upp. Stefnandi starfaði sem flugfreyja hjá Wow air hf. þegar hún missti vinnuna við gjaldþrot félagsins. Hún lýsti kröfu í þrotabú félagsins á grundvelli 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti og samþykktu skiptastjórar kröfu hennar um laun að fjárhæð 2.358.290 krónur og þar með talið kröfu um bifreiðastyrk í uppsagnarfresti í apríl og maí 2019, 66.441 krónu fyrir hvorn mánuð.

Stefnandi sótti um greiðslur þessar með umsókn til Ábyrgðasjóðs launa þann 13. september 2019. Stefnandi samþykkti að stærstum hluta kröfu stefnanda, að teknu tilliti til umsagnar skiptastjóra og framlagðra gagna. Kröfu um dagpeninga í mars 2019 að fjárhæð 81.580 krónur var þó hafnað og einnig kröfu hennar um bifreiðastyrk á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019.

Stefnandi vildi ekki una ákvörðun stefnda og kærði hana til félagsmálaráðuneytisins hinn 10. desember 2021. Tók stefnandi m.a. fram í erindi sínu að hún teldi umræddan bifreiðastyrk í raun og veru laun í hefðbundnum skilningi.

Með úrskurði félagsmálaráðuneytisins nr. 17/2021, dags. 22. desember 2021, var staðfest niðurstaða stefnda um að hafna kröfu stefnanda um greiðslu á bifreiðastyrk í uppsagnarfresti í apríl og maí 2019. Taldi ráðuneytið að bifreiðastyrkur stefnanda félli ekki undir kröfur sem nýtu ábyrgðar á grundvelli b-liðar 1. mgr. 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

Fram kemur í úrskurði ráðuneytisins að lögmaður stefnanda hafi lýst kröfu í þrotabú Wow air fyrir hönd stefnanda með vísan til 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Ábyrgðasjóður launa hafi samþykkt að ábyrgjast alla kröfu stefnanda að undanskilinni kröfu um dagpeninga fyrir marsmánuð 2019 og kröfu um bifreiðastyrk á uppsagnarfresti í apríl og maí. Þar sem ágreiningurinn afmarkist við greiðslu bifreiðastyrks eftir slit á ráðningarsamningi, eða á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019, líti ráðuneytið svo á að mat Ábyrgðasjóðs launa skuli byggjast á því hvort ákvæði b-liðar 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa eigi við þar sem í ákvæðinu sé kveðið á um ábyrgð sjóðsins á kröfu um bætur vegna launamissis vegna slita á ráðningarsamningi við gjaldþrot félags.

Samkvæmt forsendum úrskurðarins telur ráðuneytið að ráða megi af efni a-liðar 5. gr. laganna og athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi með lögunum að Ábyrgðasjóður launa skuli einungis ábyrgjast kröfu launamanns um ógreidd laun sem teljast vera endurgjald fyrir vinnu launamanns síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda sem tekinn hefur verið til gjaldþrotaskipta en ekki aðrar kröfur. Þá vísaði ráðuneytið til athugasemda um b-lið 5. gr. laganna í frumvarpi að lögunum þess efnis að ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna uppsagnar ráðningarsamnings hefði verið miðuð við föst laun samkvæmt ráðningarsamningi og/eða kjarasamningi.

Ráðuneytið vísaði til ákvæða í kafla 4 í kjarasamningi Wow air hf. og Flugfreyjufélags Íslands þar sem mælt væri fyrir um að til fastra launa teldust grunnlaun ásamt handbókargjaldi. Ákvæði um bifreiðastyrk væri á hinn bóginn að finna í 5. kafla kjarasamningsins um „aðsetursskipti – akstur – bifreiðastyrk“. Tók ráðuneytið fram að hvorki væri í kjarasamningnum kveðið á um að bifreiðastyrkur skyldi teljast til fastra launa stefnanda né að styrkurinn væri með einhverjum hætti tengdur vinnuframlagi starfsmanna. Þá bæri ráðningarsamningur stefnanda ekki með sér að umræddur bifreiðastyrkur teldist til fastra launa stefnanda. Með vísan til framangreinds taldi ráðuneytið að ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa í máli stefnanda takmarkaðist við föst laun í skilningi b-liðar 5. gr. laga nr. 88/2003 og því hefði sjóðnum borið að synja um ábyrgð á kröfu stefnanda um bifreiðastyrk í hlutaðeigandi þrotabú.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu vitnis Orri Þrastarson. Verður framburði hans lýst í niðurstöðum dómsins eftir því sem tilefni gefst til.

III

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að bifreiðastyrkur stefnanda teljist til fastra launa í skilningi b-liðar 5. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.

Stefnandi vísar til 1. mgr. 2. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa og telur að stefndi beri meðal annars ábyrgð á kröfum um vangoldin laun og bætur vegna slita á ráðningarsamningi. Þá vísar stefnandi til þess að ábyrgð stefnda sé þó háð því skilyrði að kröfurnar hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. séu kröfur um bætur vegna slita á vinnusamningi sem hafa átt sér stað á því tímabili sem um ræðir í 1. tl. eða eftir frestdag forgangskröfur. Skiptastjórar Wow air hf. hafi samþykkt kröfu stefnanda sem forgangskröfu í þrotabúinu, þ.m.t. kröfu um bifreiðastyrk í uppsagnarfresti í apríl og maí 2019, samtals að fjárhæð 132.882 krónur, og þar með uppfylli krafa stefnanda það meginskilyrði fyrir ábyrgð stefnda að krafan hafi verið samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr., 2. mgr. 2. gr. laga nr. 88/2003.

Stefnandi vísar til ákvæða b-liðar 5. gr. um ábyrgð sjóðsins á bótum vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi. Bendir stefnandi á að í athugasemdum með frumvarpi til laganna komi fram að með orðunum „slit á ráðningarsamningi“ sé vísað til þess að krafa launamanns um bætur geti verið byggð á uppsögn ráðningarsamnings með venjulegum hætti eða riftun ráðningarsamnings, en auk þess geti krafa samkvæmt b-lið notíð ábyrgðar samkvæmt lögunum hvort sem ráðningarslit verða vegna gjaldþrots eða sama dag og úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp. Hafi vinnuveitandi óskað

eftir vinnuframlagi launamanns í uppsagnarfresti mæli sanngirnirök með því að krafa launamannsins falli undir b-lið 1. mgr. 5. gr. laganna en ekki a-lið sömu greinar sem krafa um vangoldin starfslaun. Skilyrði sé þó að ráðningarsamningi hafi verið sagt upp með formlegum hætti og vinnuveitandi hafi óskað eftir vinnuframlagi starfsmanns í uppsagnarfresti. Ef launamaður á jafnframt inni vangoldin laun vegna allt að þriggja undangenginna starfsmánaða falli sú krafa undir a-lið 5. gr. sömu laga.

Stefnandi bendir á að í athugasemdum við 4. gr. laga nr. 88/2003 segi jafnframt að uppkvaðning úrskurðar um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda hafi meðal annars þau áhrif að ráðningarsamningi sé rift og viðkomandi öðlist bótakröfu vegna ráðningarslita sem samsvari launum í uppsagnarfresti og njóti krafan ábyrgðar samkvæmt b-lið 5. gr. laganna. Stefnandi telur því að krafa sín um bifreiðastyrk eigi að njóta ábyrgðar samkvæmt b-lið 5. gr. laganna.

Samkvæmt b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa njóti kröfur um bætur vegna „launamissis“ ábyrgðar stefnda. Til að skýra hugtakið *launamissir* samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. laganna verði að horfa til athugasemda með frumvarpi til laganna, en þar segi:

Við framkvæmd gildandi laga hefur ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna uppsagnar ráðningarsamnings verið miðuð við föst laun samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Samkvæmt framangreindu sé gert ráð fyrir því að ábyrgð sjóðsins á grundvelli b-liðar 5. gr. laganna miðist við „föst laun“ samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi. Í 4. grein kjarasamnings Wow air hf. við Flugfreyjufélag Íslands, sem í gildi var þegar félagið fór í þrot, er fjallað um laun. Í grein 4-12 segir:

Föst laun flugliða greiðast eigi síðar en fyrsta virka dag mánaðar fyrir vinnu mánaðarins þar á undan. Beri þann dag upp á frídegi skulu laun greidd út síðasta virka dag mánaðarins. Aðrar greiðslur, s.s. flugtímagreiðslur, yfirvinna, sölulaun og dagpeningar, greiðist eigi síðar en 5. hvers mánaðar.

Launatímabil grunnlauna, flugtímagreiðslna, yfirvinnu og bifreiðastyrks miðast við almanaksmánuð. Launatímabil sölulauna og dagpeninga er frá og með 20. hvers mánaðar til og með 19. næsta mánaðar.

Í þessu kjarasamningsákvæði felist að gerður er greinarmunur á „föstum launum“ annars vegar og „öðrum greiðslum“ hins vegar og skuli þessi laun greiðast hvor á sínum gjalddaganum.

Stefnandi byggir á því að bifreiðastyrkur hennar teljist til fastra launa, bæði í skilningi kjarasamnings og í skilningi b-liðar 1. mgr. 5. gr. laganna. Telur stefnandi einkum tvennt styðja þá lögskýringu. Í fyrsta lagi sé bifreiðastyrkur ekki nefndur í upptalningu á „öðrum greiðslum“ í framangreindri grein kjarasamningsins og því rétt að gagnálykta sem svo að hann teljist því til „fastra launa“. Í öðru lagi hafi bifreiðastyrkurinn verið greiddur út fyrsta virka dag hvers mánaðar og hafi fjárhæð hans verið föst mánaðarupphæð, 66.441 króna, samkvæmt ráðningarsamningi.

Þá bendir stefnandi á að í grein 4.12 í kjarasamningnum sé jafnframt fjallað um launatímabil bifreiðastyrks en þar segir: „Launatímabil grunnlauna, flugtímagreiðslna, yfirvinnu og bifreiðastyrks miðast við almanaksmánuð.“ Með hliðsjón af framangreindu telur stefnandi engan vafa leika á um að bifreiðastyrkurinn hafi verið hluti af föstum launum stefnanda samkvæmt kjarasamningi og falli hann því undir b-lið 5. gr. laga nr. 88/2003.

Stefnandi byggir á því að bifreiðastyrkurinn hafi verið hluti af vinnulaunum hennar og geti engu máli skipt í því sambandi hvort um bifreiðastyrk sé fjallað í 4. grein eða 5. grein kjarasamnings, eins og vísað er til í úrskurði ráðuneytisins. Formsatriði, eins og framsetning kafla í kjarasamningi Wow air hf., eigi ekki að leiða til þess að stefnandi glati einum af mikilvægustu réttindum launamanna, þ.e. að fá laun sín greidd. Þá geti ólík hugtakanotkun engu breytt um raunverulegt efni eða eðli greiðslnanna. Stefnandi hafnar því að bifreiðastyrkur stefnanda hafi verið endurgjald fyrir útlagðan kostnað stefnanda enda hafi ekki falist í honum að stefnandi legði út fyrir kostnaði vegna notkunar eigin bifreiðar í þágu atvinnurekanda. Starfsmenn Wow air hf. hafi ekki ferðast á eigin vegum til og frá vinnustað. Þeir hafi mætt á ákveðinn stað í Kópavogi á ákveðnum tíma þaðan sem þeir voru sóttir og keyrðir á Keflavíkflugvöll og svo aftur til baka á sama stað að loknu flugi. Þannig hafi ekki verið ætlast til þess að stefnandi notaði

eigin bifreið í vinnu sinni og geti styrkurinn því ekki talist vera endurgjald fyrir útlagðan kostnað. Hugtakanotkun vinnuveitanda breyti ekki eðli greiðslunnar.

Stefnandi telur túlkun stefnda á hugtakinu vinnulaun of þrönga og ekki í samræmi við framkvæmd annarra sambærilegra sjóða. Stefnandi byggir á því að til hugtaksins *laun* teljist hvers konar laun og aðrar þóknanir. Í þessu sambandi vísar stefnandi til laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof og laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Þegar komi að því að meta stofn launagreiðslna úr báðum þessum sjóðum vísi lögin til skilgreiningar á launahugtakinu í 7. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald. Þar séu ökutækjastyrkir sérstaklega tilgreindir. Um þetta vísast til 4. mgr. 23. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og 2. mgr. 32. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Stefnandi telur að það ætti að vera óumdeilt að bifreiðastyrkur stefnanda myndi teljast til stofns við ákvörðun vinnulauna við útreikning greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði. Að mati stefnanda standi engin lagarök til þess að beita annars konar lögskýringu við túlkun á hugtakinu vinnulaun í lögum um Ábyrgðasjóð launa en gert sé í annarri vinnumarkaðslöggjöf. Þótt ekki sé sérstaklega vísað til laga um tryggingagjald í lögum um Ábyrgðasjóð launa byggir stefnandi á því að um sé að ræða heildstætt regluverk sem byggist m.a. á innbyrðis samræmi útgreiðslna og telur stefnandi að beita ætti lögjöfnun frá þessum lagaákvæðum. Ólík túlkun undirstofnana félagsmálaráðuneytisins fæli í reynd í sér brot á jafnræðisreglu stjórnslulaga nr. 37/1993.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir túlkun stefnanda á b-lið 5. gr. laga nr. 88/2003 sem rangri bæði hvað varðar hugtakið „launamissir“ en einnig hvað varðar áhrif viðurkenningar skiptastjóra á launakröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Stefndi telur sig ekki vera bundinn af afstöðu skiptastjóra til krafna sem lýst hafi verið í þrotabú gjaldþrota atvinnurekanda og síðan beint að stefnda. Slík túlkun fái hvorki stoð í ákvæðum laga nr. 88/2003 né lögskýringargögnum. Þrátt fyrir að áskilnaður laganna um viðurkenningu skiptastjóra á forgangsrétti kröfu hafi ákveðið vægi við mat stefnda á því hvort skilyrði séu til greiðslu hennar bindi slík viðurkenning ekki hendur stefnda. Lög nr. 88/2003 geri þvert á móti ráð fyrir því að stefndi taki sjálfstæða afstöðu til þess hvort krafa njóti ábyrgðar samkvæmt þeim.

Um túlkun á hugtakinu „laun“ byggir stefndi á því að undir hugtakið laun í skilningi b-liðar 5. gr. laga nr. 88/2003 geti einungis fallið laun sem greidd eru samkvæmt kjarasamningi sem endurgjald fyrir vinnuframlag, sbr. m.a. lögskýringargögn með lögum nr. 88/2003. Bifreiðastyrkur falli ekki undir ábyrgð stefnda enda taki ábyrgð skv. 5. gr. laga nr. 88/2003 ekki til greiðslu á kostnaði sem launamaður hafi sjálfur lagt út fyrir, sbr. athugasemdir með ákvæðinu. Ekki sé hægt að líta á slíkar greiðslur sem endurgjald fyrir vinnu. Þá sé það jafnframt skilyrði að krafa sé tengd vinnuframlagi. Ekkert vinnuframlag hafi komið til af hálfu stefnanda á uppsagnarfresti og því sé ekkert sem styðji það að greiddur skuli bifreiðastyrkur. Stefnandi mótmælir því að tímasetning greiðslna samkvæmt kjarasamningi geti haft slík áhrif á túlkun ákvæða laga nr. 88/2003 sem haldið er fram í stefnu.

Stefndi mótmælir því að fyrirkomulag ferða til og frá Keflavík geti breytt flokkun bifreiðastyrks þannig að lítið verði á hann sem föst laun í skilningi laga nr. 88/2003. Þá styðji ákvæði kjarasamnings stefnanda og ráðningarsamningur hennar ekki slíka niðurstöðu. Loks bendir stefndi á að meðferð bifreiðastyrksins meðan á ráðningarsambandi stefnanda við Wow air hf. stóð bendi ekki til þess að lítið hafi verið á hann sem föst laun, en eins og stefnandi bendi sjálf á hafi ekki verið greidd af bifreiðastyrknum opinber gjöld eins og um hefðbundna launagreiðslu væri að ræða.

Stefndi byggir á því að ákvæði laga um Ábyrgðasjóð launa er lúti að mati á því hvað skuli teljast til launa í skilningi laganna séu ekki sambærileg þeim ákvæðum sem sett eru annars vegar í lögum nr. 144/2020 og hins vegar í lögum um nr. 54/2006 í tengslum við mat á því hvað skuli teljast til launa við útreikninga á greiðslum á grundvelli hlutaðeigandi laga hverju sinni. Vísar stefndi til lögskýringargagna með lögum nr. 88/2003 þar sem sérstaklega er fjallað um það hvernig efni 2. gr. laganna undirstrikar sérstöðu reglnanna um sjóðinn, bæði að því er varðar sjálft gildissvið þeirra og nánari skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum. Með vísan til alls þessa verði ekki séð að nokkur rök standi til þess að fallast

á sjónarmið stefnanda um að samræma skuli skýringu hugtaksins vinnulaun skýringu sama hugtaks í öðrum lagabálkum

Í ljósi þess að stefnandi lagði fram tölvupóstssamskipti við Vinnumálastofnun telur stefndi nauðsynlegt að áréttta að í framkvæmd hefur verið fallist á að bifreiðastyrkur í vinnandi mánuði, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 88/2003, falli undir ábyrgð stefnda. Hins vegar hafi kröfu til Ábyrgðasjóðs launa um greiðslu bifreiðastyrks á uppsagnarfresti á grundvelli b-liðar ákvæðisins alltaf verið hafnað.

IV

1.

Stefnandi hafði starfað sem flugfreyja hjá flugfélaginu Wow air hf. til 28. mars 2019, þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta og ráðningarsamningi hennar slitið. Hún lýsti kröfu í þrotabú félagsins og var krafa hennar m.a. um greiðslu launa, dagpeninga og bifreiðastyrks í uppsagnarfresti samþykkt sem forgangskrafa af hálfu skiptastjóra. Stefnandi sótti um greiðslur þessar til stefnda og hann samþykkti að stærstum hluta kröfur stefnanda en hafnaði kröfu hennar um greiðslu bifreiðastyrks fyrir apríl- og maí 2019 að fjárhæð 66.441 krónur fyrir hvorn mánuð, m.a. á þeim grundvelli að bifreiðastyrkur gæti ekki talist til vangoldinna launa og nyti því ekki ábyrgðar samkvæmt b-lið 5. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa. Stefndi hafnaði einnig kröfu stefnanda um greiðslu dagpeninga í mars en ekki er ágreiningur um þá ákvörðun stefnda. Stefnandi kærði ákvörðun stefnda til félagsmálaráðuneytisins og ráðuneytið staðfesti ákvörðun stefnda með úrskurði 22. desember 2021.

Stefnandi krefst þess að úrskurður félagsmálaráðuneytisins verði felldur úr gildi þar sem hann sé efnislega rangur. Telur stefnandi að krafa hennar um bifreiðastyrk teljist til fastra launa samkvæmt kjarasamningi Flugfreyjufélags Íslands og Wow air ehf. um kaup og kjör flugliða hjá Wow air og njóti því ábyrgðar stefnda samkvæmt b-lið 5. gr. laga nr. 88/2003. Telur stefnandi engu máli skipta hvort um bifreiðastyrk sé fjallað í 4. eða 5. gr. kjarasamningsins.

Stefndi hafnar öllum málsástæðum og lagarökum stefnanda og telur að undir launamissi í skilningi b-liðar 5. gr. laga nr. 88/2003 geti aðeins fallið laun sem greidd eru samkvæmt ráðningar- og eða kjarasamningi sem endurgjald fyrir vinnuframlag og að ábyrgð stefnda geti ekki tekið til greiðslu bifreiðakostnaðar.

2.

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort fastur bifreiðastyrkur á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019 sem stefnandi átti rétt á samkvæmt ráðningarsamningi hennar við Wow air hf. og samkvæmt þágildandi kjarasamningi Flugfreyjufélagsins og flugfélagsins eigi undir ábyrgð stefnda samkvæmt ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 88/2003.

Í 2. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa eru taldir upp þeir kröfuflokkar sem sjóðurinn ábyrgist greiðslu á. Í 1. mgr. ákvæðisins segir m.a. að sjóðurinn ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrisiðgjöld. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er ábyrgð sjóðsins háð því skilyrði að kröfur hafi verið samþykktar sem forgangskröfur skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 en með fyrirvara um takmarkanir og frávik sem kveðið er á um í II.–IV. kafla laganna. Um þennan fyrirvara segir í athugasemdum um 2. mgr. 2. gr. í frumvarpi að lögum nr. 88/2003 að þar sem ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum endurspeglar ekki í einu og öllu ákvæði 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga sé undirstrikuð sérstaða þeirra reglna sem mælt sé fyrir um í lögum um ábyrgðasjóðinn, bæði að því er varðar sjálf gildissvið þeirra og nánari skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum. Er tekið fram að viðurkenning skiptastjóra á kröfu skv. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga bindi ekki hendur sjóðsins enda ráð fyrir því gert að sjóðurinn taki ávallt sjálfstæða afstöðu til þess hvort krafa njóti ábyrgðar samkvæmt þeim sérstöku reglum sem kveðið sé á um í greindum köflum laganna.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að krafa stefnanda um greiðslu bifreiðastyrks fullnægir því skilyrði fyrir ábyrgð stefnda að krafan hafi verið viðurkennd sem forgangskrafa skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Sú ákvörðun skiptastjóra getur þó ekki ein og sér bundið hendur stefnda um greiðslur úr sjóðnum, eins og raunar skýrt kemur fram í orðalagi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 88/2003 og einnig í athugasemdum um ákvæði 2.

mgr. 2. gr. í frumvarpi að lögum nr. 88/2003. Ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum takmarkast samkvæmt því af nánari skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 88/2003.

3.

Um ábyrgð og ábyrgðartímabil stefnda er mælt fyrir í 4. gr. laga nr. 88/2008. Í 1. mgr. lagagreinarinnar segir að ábyrgð sjóðsins taki til krafna sem taldar eru upp í 5. gr. laganna og fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag eða réttur hefur unnist til á því tímabili.

Samkvæmt a-lið 5. gr. laga nr. 88/2003 er mælt fyrir um ábyrgð sjóðsins á kröfu launamanns um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda. Í athugasemdum um ákvæði a-liðar í frumvarpi að lögum nr. 88/2003 segir að með orðinu „vinnulaun“ í skilningi ákvæðisins sé fyrst og fremst átt við samningsbundin laun eins og þau séu skilgreind í kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Undir þetta falli almenn vinnulaun og ýmsar uppbætur á laun sem tengdar eru vinnuframlagi kröfuhafa. Hins vegar eigi hugtakið „vinnulaun“ ekki við um ýmsar kröfur sem raktar verði til ráðningarsambands launamanns og vinnuveitanda, til að mynda kröfur um greiðslu á kostnaði sem launamaður hafi sjálfur lagt út fyrir enda flokkist slíkar kröfur ekki sem endurgjald fyrir vinnu í þjónustu vinnuveitanda. Megi þar nefna kröfu launamanns um greiðslu ferðareiknings vegna ferðar á vegum vinnuveitanda og kröfu um greiðslu eldsneytiskostnaðar og annars sambærilegs kostnaðar.

Í b-lið 5. gr. laga nr. 88/2003 er mælt fyrir um ábyrgð sjóðsins á bótum þegar slit verða á ráðningarsamningi og að sú ábyrgð sjóðsins taki til krafna um bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði. Í athugasemdum um b-lið 5. gr. í frumvarpi að lögum nr. 88/2003 er tekið fram að við framkvæmd gildandi laga hafi ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna uppsagnar ráðningarsamnings verið miðuð við „föst laun samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi og gert ráð fyrir að svo verði áfram“. Þá segir að hafi vinnuveitandi óskað eftir vinnuframlagi launamanns í uppsagnarfresti mæli sanngirnirök með því að krafa falli undir b-lið 5. gr. frumvarpsins en ekki a-lið sömu greinar sem krafa um vangoldin starfslaun. Skilyrði sé þó að ráðningarsamningi hafi verið sagt upp með formlegum hætti og vinnuveitandi hafi óskað eftir vinnuframlagi starfsmanns í uppsagnarfresti. Ef launamaður á jafnframt inni vangoldin laun vegna allt að þriggja undangenginna starfsmánaða falli sú krafa undir a-lið 5. gr. laganna.

4.

Eins og áður segir var ráðningarsamningi stefnanda slitið þegar Wow air hf. var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 28. mars 2019. Stefnandi lét þá af störfum og var ekki um frekara vinnuframlag hennar að ræða í þágu félagsins eftir þann tíma. Samkvæmt gögnum málsins ábyrgðist stefndi allar kröfur stefnanda um bætur úr sjóðnum að undanskilinni kröfu um dagpeninga fyrir marsmánuð 2019 og kröfu um bifreiðastyrk á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019. Fékk stefnandi samkvæmt þessu greidd vinnulaun og þ. á m. bifreiðastyrk á grundvelli a-liðar 5. gr. laganna fyrir marsmánuð 2019, en hún lét sem fyrr segir af störfum í lok mars 2019. Kröfu um greiðslu bifreiðastyrks eftir ráðningarslit 28. mars 2019 var hins vegar hafnað samkvæmt úrskurði félagsmálaráðuneytisins á þeim grundvelli að ekki hefði verið um vinnuframlag að ræða af hálfu stefnanda í apríl og maí 2019 og því enginn aksturskostnaður auk þess sem hvorki ráðningar- né kjarasamningur bæru með sér að bifreiðastyrkurinn teldist til fastra launa í skilningi kjarasamningsins.

5.

Stefnandi byggir sem fyrr segir á því að krafa hennar um bifreiðastyrk á uppsagnarfresti í apríl og maí 2019 eigi að njóta ábyrgðar samkvæmt b-lið 5. gr. laga nr. 88/2003.

Samkvæmt ráðningarsamningi stefnanda og Wow air hf. fékk stefnandi greidda fasta fjárhæð í bifreiðastyrk sem greidd var fyrsta hvers mánaðar samhliða greiðslu fastra launa og verður ekki annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en að dregin hafi verið mánaðarleg staðgreiðsla af bifreiðastyrknum, gagnstætt því sem haldið er fram í greinargerð stefnda. Þá er það óumdeilt að ekki hafi verið greitt iðgjald í lífeyrissjóð af bifreiðastyrknum eins og um laun væri að ræða. Engin gögn liggja heldur fyrir um útlagðan kostnað stefnanda á móti bifreiðastyrknum en stefnandi staðhæfir að um engan slíkan útlagðan kostnað hafi verið að ræða og greiðslan hafi verið skattlögð að fullu eins og staðgreiðslufirlit beri með sér.

6.

Um laun stefnanda fór samkvæmt kjarasamningi milli Flugfreyjufélags Íslands og Wow air ehf. um kaup og kjör flugliða hjá Wow air. Í 4. gr. kjarasamningsins eru ákvæði með yfirskriftinni „Laun“. Í grein 4.1

voru ákvæði um launaflokka, vaktaálag sem innifalið var í grunnlaunum og um svokallað handbókarálag fyrir hvern mánuð vegna vinnu utan vaktatíma sem skyldi leggja ofan á grunnlaun. Þá var tekið fram að „Til fastra launa teljast grunnlaun ásamt handbókargjaldi.“ Í grein 4.2 voru síðan ítarlegri ákvæði og útfærslur á því hvaða greiðslur væru innifaldar í grunnlaunum flugliða, svo sem skylduþátttaka í upprifjunarnámskeiðum og greiðslur fyrir bakvaktir. Þá var þar mælt fyrir um útfærslu á flugtímum, innihaldi þeirra og greiðslum fyrir þá og fleiri atriði. Bendir framsetning kjarasamningsins til þess að um tæmandi talningu hafi verið að ræða á því hvaða grunnlaun teldust falla undir föst laun. Í kjarasamningnum er hvergi tekið fram að bifreiðastyrkur skuli teljast til fastra launa eða grunnlauna og bendir það til þess að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að bifreiðastyrkur teldist til fastra launa samkvæmt kjarasamningnum.

Í grein 4.12 í kjarasamningnum eru ákvæði um greiðslutíma fastra launa flugliða. Þar segir að föst laun skuli greidd út eigi síðar en fyrsta virka dag mánaðar fyrir vinnu mánaðarins þar á undan. Aðrar greiðslur, svo sem flugtímagreiðslur, yfirvinna, sölulaun og dagpeningar, greiðist eigi síðar en 5. hvers mánaðar. Þá er tekið fram að launatímabil grunnlauna, flugtímagreiðslna, yfirvinnu og bifreiðastyrks miðist við almanaksmánuð en launatímabil sölulauna og dagpeningar frá og með 20. hvers mánaðar til og með 19. næsta mánaðar. Samkvæmt greindu ákvæði kjarasamningsins er því gerður greinarmunur á grunnlaunum og bifreiðastyrk og verður ekki af sambengi samningstextans ráðið að bifreiðastyrkur hafi verið hluti grunnlauna og þar með hluti fastra launa stefnanda. Þó að greiðslutímabil grunnlauna og bifreiðastyrks hafi verið það sama getur það ekki gegn skýru orðlagi kjarasamningsins leitt til þess að litið verði á bifreiðastyrk sem grunnlaun og föst laun í skilningi kjarasamningsins sjálfs.

Þá verður ekki talið að upplýsingar í tölvupósti Vinnuálastofnunar frá 13. maí 2019, sem lagður var fram af stefnanda við þingfestingu málsins og vísað er til í greinargerð stefnda, breyti þessari niðurstöðu eða hafi sérstaka þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að bifreiðastyrkur stefnanda geti ekki talist til fastra launa í skilningi ráðningar- eða kjarasamnings Flugfreyjufélags Íslands og Wow air ehf. um kaup og kjör flugliða hjá Wow air.

Að þessu virtu og með vísan til b-liðar 5. gr. laga nr. 88/2003 og áðurgreindra athugasemda um ákvæðið í frumvarpi að lögum nr. 88/2003 um að ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna uppsagnar ráðningarsamnings miðist við föst laun samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi er því hafnað að úrskurður félagsmálaráðuneytisins í máli stefnanda hafi verið efnislega rangur eða að túlkun hans hafi verið of þröng. Hvað varðar þá málsástæðu stefnanda að úrskurður ráðuneytisins hafi verið í ósamræmi við framkvæmdina hjá öðrum sjóðum á vegum hins opinbera skal tekið fram að lög um Ábyrgðasjóð launa eru sérlög sem gilda um tiltekið og afmarkað efni og hefur því túlkun á hugtakinu laun í öðrum sérlögum ekki sérstaka þýðingu fyrir úrlausn málsins. Er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda 800.000 krónur í málskostnað.

Haukur Örn Birgisson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ábyrgðasjóður launa, er sýkn af kröfum stefnanda, Dagnýjar Bjarkar Erlingsdóttur.

Stefnandi, greiði stefnda 800.000 krónur í málskostnað.